

M-8/2015 Álit 8. júlí 2015

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. júlí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-8/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 14. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa ágreinings við verslunina Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 23. júní sl. sendi kæruneftndin álitsbeiðanda svohljóðandi bréf:

„Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur nú til meðferðar mál þitt þar sem kvartað er vegna viðskipta við verslunina Y. Af því tilefni vill kæruneftndin benda á að hún starfar samkvæmt reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa, en í 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar segir m.a.: „Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.“

Til samræmis við téð ákvæði óskar kæruneftndin því eftirtöldum gögnum og upplýsingum frá þér:

- 1) Einhverskonar staðfestingu á kaupum á buxum af Y. Ef ekki er fyrir að fara kvittun nægir staðfesting greiðslu úr heimabanka, eða önnur viðlíka staðfesting á greiðslu.

Þá óskar kæruneftndin eftir hverjum öðrum þeim gögnum sem þú kannt að hafa undir höndum sem varpað gætu ljósi á máli þitt.

Frestur til að skila umbeðnum gögnum og upplýsingum er til 2. júlí n.k. Verði ekki orðið við þessu má vænta þess að málinu verði vísað frá nefndinni.“

Hinn 30. júní sl. barst kæruneftndinni svar við framangreindu bréfi. Í bréfinu kom fram að umræddar buxur hefðu verið keyptar fyrir reiðufé og engin kvittun hefði verið tekin. Samkvæmt þessu er ekki fyrir að fara nokkurri staðfestingu á viðskiptum milli aðila. Er það því mat kæruneftndarinnar að álitsbeiðnin sé ekki studd nægum gögnum til að nefndin geti tekið efnislega afstöðu um ágreining aðila í álitsgerð.

Kæruneftndin álítur því óhjákvæmilegt að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir